

**116** Verði ágreiningur um flokkun í framangreinda þrjá tollflokka, fellir fjár-  
19. des. málaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt til ársloka 1934 að innheimta með 25% gengisviðauka tolla af vörum þeim, sem taldar eru í 1. gr. þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 19. desember 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

**117**

29. des.

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 86 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþykktir og lend-  
ingarsjóði, og lögum nr. 21 27. júní 1925, um breyting á þeim lögum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldiuborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau  
með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. laga nr. 21 27. júní 1925 skal orða svo:

Sama vald veitist bæjarstjórnnum Vestmannaeyjakaupstaðar og Reykjavíkur,  
enda gilda öll ákvæði þessara laga um sýslunefndir og sýslufélög einnig um bæj-  
arstjórnir og bæjarfélög Vestmannaeyja og Reykjavíkur.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laga nr. 86 14. nóv. 1917 kemur ný grein, svo hljóðandi, sem  
verður 6. gr., og breytist greinatala laganna samkvæmt því:

Nú er svo ástatt, að hreppsnefnd þykir brýn nauðsyn bera til að gera sam-  
þykkt fyrir hreppinn samkvæmt lögum þessum eða breyta áður gerðri sam-  
þykkt, en svo er langt til reglulegs sýslufundar, að ekki þykir mega draga til þess  
tíma að setja samþykktina, og getur þá hreppsnefndin gert samþykkt til bráða-  
birgða, enda er sú samþykkt háð ákvæðum 2., 4. og 5. gr. um fundarsamþykki,  
staðfestingu og birtingu. Bráðabirgðasamþykkt, sem staðfest hefir verið, skal  
jafnan borin undir næsta fund sýslunefndar. Ef sýslunefnd fellst á bráðabirgða-

samþykktina óbreytta, skal það tilkynnt atvinnumálaráðuneytinu, en það birtir **117**  
hana síðan sem fiskiveiðasamþykkt. Ef sýslunefnd breytir bráðabirgðasamþykkt, 29. des.  
skal með samþykktina með áorðnum breytingum farið sem nýtt frumvarp væri,  
enda fellur þá bráðabirgðasamþykktin úr gildi. Bráðabirgðasamþykkt fellur og  
þegar niður, ef sýslunefnd synjar samþykkis.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hefða.

*Gjört á Amaliuborg, 29. janúar 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Ásgeir Ásgeirsson.*

**L Ö G**

**118**

um breyting á lögum nr. 71 8. sept. 1931, um verkamannabústaði. 29. des.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau  
með samþykki Voru:

**1. gr.**

Fyrir orðið „bankaábyrgð“ í 3. tölul. 2. gr. laganna komi: bakábyrgð.

**2. gr.**

Í stað „6%“ í 3. gr. laganna komi: 5%.

**3. gr.**

Ákvæði laga þessara taka einnig til lána þeirra, er þegar hafa verið veitt  
úr byggingasjóðum samkvæmt l. nr. 71 frá 8. sept. 1931, um verkamannabústaði.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 29. desember 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Ásgeir Ásgeirsson.*